


---

# ALTÆK HÖNNUN NÁMS - UDL

---

Lækjarskóli og Skarðshlíðarskóli



JÚLÍ 2022

HAFNARFJARDARKAUPSTADUR

Lækjarskóli – Sólvangsvegur 4 og Skarðshlíðarskóli Hádegisskarð 1

**Nafn skóla:** Skarðshlíðarskóli og Lækjarskóli

**Nafn verkefnis:** Altæk hönnun náms – UDL

**Verkefnastjórar:** Margrét Lilja Pálsdóttir í Skarðshlíðarskóla og Helga Kristín Friðjónsdóttir í Lækjarskóla

**Númer samnings og skólaár:** UMD-60 skólaárið 2021-2022

### **Markmið verkefnisins**

Með UDL að leiðarljósi er stefnt að því að koma enn betur til móts við þarfir, þroska og getu nemenda sem vonandi leiðir af sér betri líðan og námsárangur. Rík áhersla er lögð á að virkja nemendur í eigin námi, að þeir séu meðvitaðir um eigin styrkleika, að þeir hafi áhrif á nám sitt og séu ábyrgir fyrir að koma því til skila á þann hátt er þeim þykir best. Foreldrar og aðrir í skólasamfélaginu eru teknir með inn í þetta umbótaverkefni á fjölbreyttan hátt, með samtali, upplýsingafundum og könnunum.

Til að þetta geti orðið þarf að kveikja áhuga starfsfólk, virkja það og stofna UDL teymi sem í sitja áhugasamir einstaklingar sem svo miðla áfram til annarra. Nemendur þurfa að fá fræðslu og þekkja til fyrir hvað UDL stendur og átta sig á út á hvað hugmyndafræðin gengur.

Þar sem hugmyndafræði UDL hefur verið notuð með góðum árangri, árum saman, bæði í Bandaríkjunum og í Svíþjóð er reynsla sérfræðinga og annarra á þessu sviði ómetanleg í innleiðingarferlinu á Íslandi. Með því að fá erlenda sérfræðinga til liðs við verkefnið mun okkur hlotnast aukinn skilningur á hvernig best er að innleiða UDL aðferðafræðina inn í skólana okkar. Einnig er mikilvægt fyrir okkur að fá tækifæri til að heimsækja skóla í Bandaríkjunum og/eða í Svíþjóð sem vinna eftir UDL. Það að heimsækja skóla og hitta fagmenn á sviðinu veitir innblástur og fagþekkingu á hnitmiðaðan hátt. Einnig skapar þetta möguleika á að hitta nemendur sem hafa tileinkað sér að vinna í UDL og það er mikilvægt til að læra af þeirri þróun sem átt hefur sér stað í þessum löndum.

### **Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði**

Ákveðið var að byrja á því að senda þrjá starfsmenn úr hvorum skóla, Lækjarskóla og Skarðshlíðarskóla á námskeið á vegum CAST. Verkefnið var tveggja daga námskeið og bar heitið *Universal Design for Learning (UDL): Addressing the Variability of All Learners!*

Með tilkomu styrksins var hægt að stofna öflug teymi í skólunum og greiða sérstaklega fyrir setuna í þeim ásamt því að gera kröfu á vinnu á milli funda. Teymið las grunnbók um UDL og bjó til glæsur, vann að formi um nemendaprófíla og nemendastýrð námssamtöl, skiptust á að setja inn UDL fróðleiksmola í vikufréttir skólanna og sögðu frá verkefnum eða annarri UDL nálgun á deildar- og/eða starfsmannafundum.

Í september 2021 fékk starfsfólk fyrirlestur frá Kristina Rex, kennara í Svíþjóð, sem hefur unnið eftir hugmyndafræði UDL í nokkur ár. Fyrirlesturinn fjallaði um nemendaprófíla, mikilvægi sjónræns skipulags, verkfærakistu með skynúrinnludóti (fidget, heyrnatól, fótatólur, heyrnahlífum, tímavökum, sessum o.fl.) og því hvernig við getum rutt hindrunum úr vegi í umhverfi nemenda okkar. Í kjölfarið keyptu báðir skólar fjölbreytt skynúrinnludót og setti í kassa sem dreift var á árganga. Í lok skólaársins var send út könnun á starfsfólk þar sem leitast var eftir að fá upplýsingar um hvað af því sem var í kössunum var að reynast vel og hvað var ekki að reynast eins vel til að uppfæra kassana og gera þá enn betri fyrir næsta skólaár.

Í maí 2022 fóru 8 frístundaleiðbeinendur úr Lækjarskóla og 5 frístundaleiðbeinendur úr Skarðshlíðarskóla til Svíþjóðar til að kynna sér hugmyndafræði UDL og hvernig þeir vinna með hana í Svíþjóð. Heimsóttir voru tveir mjög ólíkir skólar sem báðir unnu út frá UDL.

Í maí 2022 fóru 32 starfsmenn Lækjarskóla og 31 starfsmaður Skarðshlíðarskóla í námsferð til Boston. Farið var í heimsókn í tvo grunnskóla. Í öðrum þeirra var UDL aðferðafræðin yfir og allt um kring. Einnig sat starfsfólk Lækjarskóla og Skarðshlíðarskóla daglangt námskeið á vegum CAST. Námskeiðshaldarar voru Bill Wilmot og Susan Shapiro sem bæði eru reyndir kennarar. Dagskrá má sjá hér fyrir neðan:

Time (ET)	
9:00-9:30	Welcome and Introduction
9:30-10:15	<b>UDL Core Concept</b> Learner variability is the norm, predictable and contextual.
10:15-10:30	Break
10:30-11:00	<b>UDL Core Concept</b> The barrier is in the design, not the learner.
11:00-11:30	<b>UDL Core Concept</b> Expert learning is becoming better at learning itself.
11:30-12:00	<b>UDL Design Process</b> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Setting Goals</li> <li>• Anticipating Barriers</li> <li>• Designing Options</li> </ul>
12:00-1:00	Lunch
1:00-2:30	<b>UDL Principle &amp; Guidelines</b> Multiple Means of Engagement <ul style="list-style-type: none"> <li>• Options for recruiting interest</li> <li>• Options for sustaining effort and persistence</li> <li>• Options for self-regulation</li> </ul> Multiple Means of Representation <ul style="list-style-type: none"> <li>• Options for perception</li> <li>• Options for language &amp; symbols</li> <li>• Options for comprehension</li> </ul> Multiple Means of Action & Expression <ul style="list-style-type: none"> <li>• Options for physical action</li> <li>• Options for expression &amp; communication</li> <li>• Options for executive function</li> </ul>
2:30-2:45	Break
2:45-3:45	<b>Schoolwide Implementation and Mindset</b>
3:45-4:00	Closing & Next Steps

## **Frávik og helstu hindranir sem komu upp miðað við áætlun verkefnis**

Eins og gefur að skilja setti Covid strík í reikninginn. Vegna samkomutakmarkana var fallið frá nemendapingi sem áætlað var að halda að hausti 2021 en það er komið á skóladagatal haustið 2022.

Einnig þurfti að setja til hliðar nemendarynihópa sem fjallað er um í áætlun en stefnt er á að byrja með þá strax í haust.

Boðið var upp á rafræna kynningu á UDL fyrir foreldra í báðum skólum en þátttaka var mjög lítil. Báðir skólar gera ráð fyrir að vera með greinargóða kynningu á UDL fyrir foreldra og aðra áhugasama í skólasamfélaginu í haust.

## **Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu**

Starfsfólk skólanna hefur borið kennsl á það sem það er að gera í anda UDL og einnig hefur það tileinkað sér að horfa á kennslu, samskipti við nemendur og samvinnu við samstarfsfólk með UDL gleraugum. Þ.e. það er gagnrýnið á það sem það er að gera og beitir aðferðum til að gera kennsluna sína betri, að vinna betur sem einstaklingar og sem hópur.

Með þessum námskeiðum sem starfsfólk hefur setið og með þeim upplýsingum sem hafa borist frá teymismeðlimum hefur starfsfólk betur áttað sig á að UDL er ekki kennsluáferð sem við fylgjum heldur hugmyndafræði sem fer í hringi. Í hverjum hring lærum við eitthvað nýtt og bættum einhverju við í þeim næsta. Hugmyndafræðin tekur breytingum eftir því hvaða hindranir verið er að fást við í skólaumhverfinu hverju sinni.

## **Hefur verkefnið, eða mun það hafa, áhrif á skólastarfið í heild?**

Já verkefnið hefur haft gífurlega mikil áhrif á skólastarfið í heild. Augu fólks hafa opnast fyrir auknum möguleikum í starfi við að koma enn betur til móts við nemendur og þróa sig í starfi. Starfsfólk hefur gert sér grein fyrir að hindranir í námi nemenda er í umverfinu en ekki hjá nemandanum sjálfum. Starfsfólk og skólaumhverfið þarf að ryðja þeim úr vegi.

## **Niðurstöður verkefnisins: Heldur verkefnið áfram innan skólanna eða í öðrum skólum?**

Báðir skólar stefna ótrauðir áfram á að vinna með og að áframhaldandi innleiðingu á UDL. Gert er ráð fyrir að innleiðingarferlið taki 5-7 ár. Skólarnir fengu aftur úthlutaðan styrk frá Sprotasjóði svo framhaldið er spennandi.

Starfsfólk er áhugasamt og vill halda áfram. Til að fá sem mest út úr námsferðum okkar til Svíþjóðar og Boston voru allir starfsmenn beðnir um að ígrunda og eiga samtöl við samstarfsfélaga sína um það sem þeir sáu og upplifðu. Þeir skrifuðu hjá sér, ýmist einir eða í hópi, eftir hvern dag það sem vakti áhuga, hvar þeir sáu UDL, bekkjarstjórnun, hvað er líkt/ólíkt því sem við þekkjum o.s.frv og skiluðu til deildarstjóra. Á starfsdegi í júní var ígrundunin dregin saman í litlum hópum sem kynntu það sem þeir vilja leggja áherslu á og á hverju þeir vilja byrja í haust í vinnu sinni með nemendum og samstarfsfélögum.

Margir sem ekki voru áhugasamir þegar farið var af stað hafa gert sér grein fyrir að þessi hugmyndafræði er góð fyrir skólaumhverfið í heild, fyrir nemendur, fyrir samstarfið milli starfsfólks og ekki síst sem hvati til þess að þróa sig sem einstaklingur í starfi.

Niðurstöður námsmats nemenda þar sem unnið var markvisst að því að ryðja hindrunum úr vegi sem er eitt af meginmarkmiðum UDL skiluðu sér í auknum námsárangri. Tilfinning starfsfólks er einnig að





nemendur eru meðvitaðari um það hvernig þeim finnst best að læra og skila af sér verkefnum. Þeir eru virkari í eigin þekkingarleit og taka meiri ábyrgð á eigin námi. Vinnan við nemendaprófla hefur skilað sér þannig að kennarar þekkja nemendur sína betur, bæði styrkleika þeirra og hvar hindranir liggja. Við höfum áhuga á að skoða þetta markvissar á næsta skólaári með því að leggja fyrir kannanir að hausti og vori þar sem líðan og virkni í námi nemenda er skoðuð þegar hugmyndafræði UDL er notuð.

### Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Gert er ráð fyrir að vera með kynningu á UDL fyrir nemendur og foreldra strax í haust. Þá viljum við segja frá námsferðum okkar til Bandaríkjanna og Svíþjóðar. Einnig höfum við hug á að segja foreldrum frá þeim verkefnum sem unnin hafa verið í skólunum í anda UDL til að skýra enn betur fyrir þeim markmið UDL. Í framhaldinu langar okkur að stofna aðgengilega síðu þar sem nemendur og starfsfólk getur deilt góðum verkefnum, hugmyndum og leiðum.







## Rekstrarreikningur

Skýring kostnaðar	Gjöld	Tekjur
Námskeið – Kristina Rex	45,000	
Námskeið á netinu - CAST <i>Universal Design for Learning (UDL): Addressing the Variability of All Learners!</i>	800,000	
Launakostnaður UDL teyma	1,000,000	
Námskeið í Boston	1,000,000	
Styrkur frá Sprotasjóði		1,400,000
Fjármagn frá skóla		1,445,000
	2,845,000	2,845,000

## Dagsetning

15. júlí 2022

## Undirskrift verkefnisstjóra

Margrét Lilja Pálsdóttir og Helga Kristín Friðjónsdóttir

## Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla

D. Gunnarsdóttir